**128. löggjafarþing 2002–2003.**
**Þskj. 1041 — 644. mál.**

# Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um stöðu rafmagnseftirlits og ástand raflagna á sveitabýlum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við upplýsingum sem fram koma í skýrslum Löggildingarstofu – rafmagnsöryggisdeildar, nú síðast í desember 2002, um alvarlegt ástand raflagna á sveitabýlum?
2. Hyggst ráðherra endurskoða framkvæmd rafmagnseftirlits í landinu með tilliti til þess hve öryggisþáttum raflagna og rafbúnaði er ábótavant?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir að rafmagnseftirlitsmenn starfi svæðisbundið eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, þ.e. að rafskoðunarstofur séu starfandi úti um land?

**Skriflegt svar óskast.**